

28. Fundur hverfisnefndar Giljahverfis

Haldinn í Giljaskóla 02.01.2019 kl. 17:00

Mættir: Finnur Víkingsson, formaður og Elín Eyjólfadóttir

Gestir: Tryggvi Tryggvason og Þorsteinn Hjaltason

- Eftir kynningarfund með sviðsstjóra Skipulagssviðs þann 12. des. 2018 þar sem hann kynnti tvær tillögur að breytingum á deiliskipulagi iðnaðar og athafnasvæðis á Rangárvöllum þá var óskað eftir að umsögnum yrði skilað. Umræða var tekin um umsagnir og ákveðið að Tryggvi myndi setja niður á blað fyrsta uppkast og svo yrði sent á milli í tölvupósti áður en lokaútgáfa yrði send á skipulagssvið. Ákveðið að bæjarfulltrúar, heilbrigðiseftirlit og bæjarstjóri fái jafnframt sent afrit.
- Þurfum að fá að sjá deiliskipulagsuppdrættina fyrir svæði 3 -6 áður en umsagnir eru sendar á skipulagssvið. Finnur sendir Pétri póst og óskar eftir þeim.
- Finnur hefur óskað eftir fundi með bæjarstjóra og er beðið eftir svari um fundartíma.
- Þurfum að fá fund með heilbrigðiseftirlitinu, Finnur fer í það mál.
- Það er alveg ljóst að það liggur fyrir umsókn frá verktaka um stækkun á lóð og steypustöð. En það virðist eins og bærinn geti ekki komið heiðarlega fram og svarað þessu tvennu því þetta helst í hendur. Bærinn einblínir á að breyta skipulagi til að hægt sé að stækka lóð en svarar ekki um hvort rekstur á steypustöð yrði svo leyfður. Því ef þessi umsókn hefði ekki komið til þá væri líklega ekki verið að vinna að breyttu deiliskipulagi. Vond stjórnsýsla !

Fundi slitið kl. 18:30

Elín Eyjólfadóttir, fundarritari